

Leiðbeiningar fyrir Codoor CD3500

Númer sett í minni.

Þegar Codoor er afhentur er minnið tómt. Til að forrita Codoor þarf að setja rafhlöðurnar í og gera eftirfarandi. Aður er Codoor er settur í hurðina.

- 1.Ýtið á hvíta takkan aftan á Codoor og haldið honum niðri og ýtið á # í tvær sekúndur
- 2.Rauða ljósið mun þá blikka og suðarinn mun suða
- 3.Ýtið á * og setjið inn 6 stafa aðalnúmer að eigin ósk. Endið á því að ýta á *
- 4.Græna ljósið logar í tvær sekúndur og hækkandi tónn frá suðara gefur til kynna að númerið sé komið í minni.

Hvernig á að skipta um númer

- 1.Ýtið á * og setjið inn aðalnúmer og ýtið á *
- 2.Rauða ljósið mun blikka rólega og suðarinn mun suða
- 3.Setjið inn *99*.Rauða ljósið mun blikka hraðar
- 4.Ýtið á * og setjið nýja númerið inn(6stafa) og ýtið á *.Græna ljósið logar í tvær sekúndur
- 5.Að lokum þarf að setja inn*00*. Suðarinn mun þá suða með hækkandi tón.

Innsetning númera

Codoor CD3500 getur haft allt að 9 aðgangsnúmer auk aðalnúmers. **Fyrstu 4 stafina í aðalnúmeri má aldrei nota í aðgangsnúmer.**

- 1.Ýtið á * og sláið inn aðalnúmer og *
- 2.Rauða ljósið blikkar hægt og suðarinn suðar
- 3.Ýtið á * og sláið inn eitt raðnúmer frá 01-09 síðan * þá mun rauða ljósið blikka hraðar.
- 4.Ýtið á * sláið inn 4 stafa aðgangsnúmer,síðan * þá mun græna ljósið loga í 2 sek.
- 5.Fyrir næstu númer endurtakið atriði 3 og 4
- 6.Ljúkið innsetningu með *00*.

Eyða aðgangsnúmerum

- 1.Ýtið á * sláið inn 6 stafa aðalnúmer,síðan*
- 2.Rauða ljósið mun blikka hægt með samsvarandi són.
- 3.Ýtið á # síðan raðnúmer þess númers sem eyða á 01-09 síðan # þá mun loga grænt ljós.
- 4.Ef eyða á fleiri númerum endurtakið þá aðgerð nr.3
- 5.Ljúkið forritun með því að gera *00*.